

Mánudaginn 17. febrúar 1936.

Nr. 127/1935. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Olgeir Sigurvinssyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot á lögum nr. 62/1935.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 23. okt. 1935: Kærði, Olgeir Sigurvinsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður málsins, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða hér fyrir réttinum — kr. 60.00 — greiðist af almannafé.

Dómur hæstaréttar.

Það er upplýst í málinu, að kærði tók 1½ eyri fyrir flutning á kílógrammið frá Grindavík til Reykjavíkur, og að hann flutti við og við nokkuð af eggjum fyrir nokkra menn í Grindavík þaðan til Reykjavíkur og eitthvað lítilsháttar af ull og fiski. Kærði hefir kannast við það, að vöruflutningar þessir hafi gefið svo lítið í aðra hönd, að atvinnustarfsemi þá, er í máli þessu greinir, hafi hann hlotið að byggja á væntanlegum hagnaði af mannflutningum milli áðurnefndra staða, og verður að telja, að þeir hafi verið aðalþátturinn í og aðalmarkmiðið með flutningastarfsemi hans, en að vöruflutningur hafi verið óverulegt atriði í því sambandi. Af þessum ástæðum þykir kærði ekki geta notið góðs af undantekningarákvaði 2. málsg. 1. gr. laga nr. 62/1935 um þá, er flytja framleiðsluvörur bænda til markaðar. Hefir kærði því gerzt sekur við nefnd lög, og þykir refsing hans fyrir það brot hæfilega ákveðin samkvæmt 8. gr. sömu laga 30 króna sekt til

rikissjóðs, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í málinu hefir þess verið krafizt, að kærði verði dæmdur til að greiða Steindóri Einarssyni bifreiðaeiganda, er sérleyfi hafði til mannflutninga samkvæmt oftnefndum lögum milli Reykjavíkur og Grindavíkur á þeim tíma, er kærði rak áðurnefnda flutningastarfsemi sína, kr. 1020.00 í bætur fyrir tjón, er Steindór telur sig hafa beðið vegna brots kærða. Í máli þessu liggja ekki fyrir nægileg gögn til þess að leggja dóm á kröfu þessa, sem kærði hefir fastlega mótmælt, og verður því að vísa henni frá dómi.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða, 60 krónur, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Skaðabótakröfunni víasast frá dómi.

Kærði, Olgeir Sigurvinsson, greiði 30 króna sekt í rikissjóð, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4. vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað í héraði, þar með taldar 60 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns þar, cand. jur. Guðmundar Guðmundssonar, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun

sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Olgeiri Sigurvinssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis í Grindavík, fyrir brot á lögum nr. 62, 28. jan. 1935 um skipulag á fólksflutningum með bifr. og eru tildrög þess svo sem hér segir:

Hinn 22. ágúst s. l. byrjaði kærður í máli þessu að fara með föstum áætlunarferðum milli Grindavíkur og Reykjavíkur með bifreið sína G.K. 100. Var það 14 farþega bifreið með geymslurúmi aftast. Var það þannig tilkomið, að aftasti bekkur bifreiðarinnar, sem upphaflega var 18 farþega-bifreið, hafði verið tekinn burtu og myndaðist þannig rúm fyrir flutning

Þann 14. júní s. l. var Steindóri Einarssyni, bifreiðaciganda í Reykjavík, veitt sérleyfi samkvæmt lögum nr. 62, 28. jan. 1935 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, til fólksflutninga með almenningsbifreiðum á áðurgreindri leið. Hefir hann kært yfir því, að kærður í máli þessu hefir haldið uppi ferðum á sérleyfisleið hans og þannig gerzt brotlegur við lög nr. 62, 1935. Hefir hann gert þá kröfu, að kærður verði dæmdur til refsingar og honum enn fremur gert að greiða sér kr. 30.00 á dag í skaðabætur, frá því kærður hóf þessar ferðir.

Með 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62 1935 er lagt bann við fólksflutningi með bifreiðum stærri en 6 farþega, nema fengið sé sérleyfi frá ríkisstjórninni.

Í 2. mgr. sömu greinar segir svo: „Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, né bifreiðum er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma fleiri en 6 farþega, enda sé umbúnaður þeirra, til öryggis og þæginda far-

begum, samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðastjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga“.

Rétturinn lítur svo á, að í þessari málsgrein séu tvær undantekningar frá höfuðreglunni í 1. mgr. um að sérleyfi þurfi til fólksflutninga með bifreiðum, sem rúma fleiri en 6 farþega. Hin fyrri er sú, að sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum sem skráðar eru til vöruflutninga, án tillits til sætafjölda. Síðari undantekningin er sú, að sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga með bifreiðum, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma fleiri en 6 farþega. Hér er ekki skilyrði að bifreiðin sé skráð til vöruflutninga. Samkvæmt skýlausu orðalagi greinarinnar, lítur rétturinn svo á, að óheimilt sé að skýra greinina á annan hátt.

Bifreið kærða í máli þessu er skráð fólksflutningsbifreið og rúmar 14 farþega. En það er upplýst í málinu, að hún flytur að staðaldri framleiðsluvörur bænda. Fellur því fólksflutningur með henni undir síðari undantekningu 2. mgr. 1. gr. fyrgreindra laga.

Er það því álit réttarins, að sýkna beri kærðan af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og skaðabótakröfu Steindórs Einarssonar. Ber því að greiða kostnað málsins af almannafé, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða, Guðmundar I. Guðmundssonar, cand. jur. er ákveðst kr. 60.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.
